

A close-up photograph of a wooden ruler at the top, showing markings for 30, 40, and 50. Below the ruler is a detailed view of a metal typewriter mechanism, including a carriage and typebars, with several screws visible. The background is a plain, light-colored surface.

Nýr vefur, nýtt tímarit

TÍMARIT HJÚKRUNARFRÆÐINGA

# NÝR VEFUR OG BREYTINGAR Á ÚTGÁFU



**Á NÆSTA** ári verður opnaður nýr vefur Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og útgáfa Tímarits hjúkrunarfræðinga verður með breyttu sniði. Vefurinn verður einfaldari og notendavænni og aðgengi að efni stórbætt. Tímariti hjúkrunarfræðinga verður breytt í veftímarit en að auki verður tímaritið prentað tvisvar á ári. Breytingarnar eru unnar með hliðsjón af niðurstöðum notendakönnunar og þarfagreiningar sem framkvæmd var í haust.

Almenn ánægja ríkir með núverandi vef og Mínar síður en hluti þátttakenda var þeirrar skoðunar að tími væri kominn á breytingar og að vefurinn fengi andlitslyftingu. Í grunninn er kallað eftir einfaldari, fallegri og skemmtilegri vef sem leiðir notandann betur áfram. Aðgengi að mikilvægum upplýsingum verður bætt og leiðir að efni styttrar. Öflug ritstýrð leit mun bæta aðgengi að öðru efni sem liggur dýpra. Áherslur á forsíðu breytast, þáttur fréttu og tilkynninga verður fyrirferðarminni, en vægi kjaramála, faglegs efnis, efni tímarits og orlofsmála verður aukið.

Þó nokkur óánægja kom fram vegna orlofsvefs, hann þykir óaðgengilegur og erfiður viðeignar. Auk þess voru margir ósáttir við að þurfa að skrá sig inn til þess eins að sjá hvað sé laust hverju sinni. Því kalli hefur verið svarað strax því opnað hefur verið inn á vef orlofssjóðs og þarf einungis að skrá sig inn þegar pöntun er send. Grisjun efnis á orlofsvef er eitt af fyrirhuguðum verkefnum næsta árs, og samkvæmt upplýsingum þjónustuaðila er nýtt útlit vefsins á teikniborðinu.

Töluverð óánægja var auk þess með breytingu á útgáfu tímaritsins í smáforriti (appi) en frá miðju ári 2015 var tímaritið eingöngu gefið út rafrænt. Kallað var eftir prentaðri útgáfu og til að verða við þeim óskum verður tímaritið gefið út á prenti tvisvar á ári, ásamt árlegu aukablaði, og haldið verður úti veftímariti á [www.hjukrun.is](http://www.hjukrun.is). Þá verður tímaritið einnig í flettiútgáfu á vefnum ásamt því að hægt verður að lesa einstakar greinar á vef.

Könnunin, sem fór fram 4.-12. október, náði til tæplega 600 manns. Meirihluti þátttakenda voru kvenkynshjúkrunarfræðingar á miðjum aldri, en þátttaka var góð í öllum aldurshópum. Fjöldi hugmynda barst og verða þær hafðar til hliðsjónar við komandi breytingar. Kunnum við hjá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga þátttakendum bestu þakkir fyrir þeirra innlegg.

